

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 8. apríl 2010 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Jóhannes Indriðason og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Framkvæmdir 2010

Fyrir fundinum lá minnisblað um framkvæmdir sveitarfélagsins 2010. Í minnisblaðinu koma fram hugmyndir, tillögur og gróft kostnaðarmat á nokkrum verkefnum sem hafa verið til umfjöllunar hjá sveitarfélaginu.

Eftirtaldar framkvæmdir voru samþykktar:

- Bygging húss við hafnarvog
- Málun og utanhússfrágangur húsanna Bjarmaness, Túnbrautar 1-3, Bogabrautar 7 og Túnbrautar 5
- Endurgerð hluta þaks að Fjörubraut 6
- Gatnagerð og yfirborðsfrágangur á Suðurvegi, Bakkabraut og Norðurbraut

2. Greinargerð endurskoðanda um fjárfestingu

Greinargerð um fjárfestingar sem lá fyrir fundinum var unnin af Davíð Búa Halldórssyni endurskoðanda sveitarfélagsins og fjallar um fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins til að byggja og reka sundlaug.

Málið var til kynningar.

3. Erindi SSNV um þjónustusvæði á Norðurlandi vestra

Framkvæmdastjóri SSNV ritar bréf vegna myndunar þjónustusvæðis á Norðurlandi vestra vegna yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011.

Í bréfinu kemur fram að sveitarfélög skuli hafa komið sér saman um þjónustusvæði fyrir 1. apríl 2010 en jafnframt að stjórn SSNV hafi fjallað um málið og leggi til að áfram verði rekið byggðasamlag um málaflokkinn á Norðurlandi vestra með dreifðri þjónustu. Með bréfinu er þess farið á leit við sveitarfélögin sem standa að byggðasamlagi um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra að þau staðfesti þátttöku í myndun þjónustusvæðis sem helgast af sveitarfélagamörkum Bæjarhrepps, Húnaþings vestra, Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Skagabyggðar, Svf. Skagastrandar, Svf. Skagafjarðar, Akrahrepps og Fjallabyggðar. Meðfylgjandi bréfinu var greinargerð verkefnisstjórnar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála og afrit af samstarfssamningi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra sem gerður var vegna byggðasamlags um málaflokkinn 1. janúar 1999. Sveitarstjórn ræddi málið en samþykkti síðan samhljóða þátttöku í þjónustusvæði um málefni fatlaðra skv. fram kominni skilgreiningu.

4. Minnisblað um matjurtagarða

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra vegna matjurtagarða sem samþykkt var á fundi 3. mars að láta gera tillögur um. Í minnisblaðinu er gerð tillaga að staðsetningu og fyrirkomulagi matjurtagarða og að komið verði á námskeiði í ræktun matjurta til að örva áhuga og auka þekkingu á slíkri ræktun.

Sveitarstjóra falið vinna áfram að málinu.

5. Tillaga að gjaldskrá tjaldsvæðis Skagastrandar.

Fyrir fundinum lá tillaga að gjaldskrá fyrir tjaldsvæði Skagastrandar sem sveitarstjórn fór yfir og gerði nokkrar breytingar á.

Tillaga um gjaldskrá með áorðnum breytingum var samþykkt.

6. Erindi Norðurár bs. vegna lántöku

Fyrir fundinum lá erindi stjórnar Norðurár bs. þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið veiti einfalda ábyrgð á láni sem Norðurá bs. hyggst taka vegna gerðar urðunarstaðar að Sölvabakka. Í bréfinu kemur fram að ábyrgðin skiptist hlutfallslega milli aðildarsveitarfélaga eftir innborguðu stofnfé og að hlutdeild Sveitarfélagsins Skagastrandar verði skv. því 8,52%.

Svohljóðandi bókun var samþykkt samhljóða:

Ákvörðun sveitarstjórnar um að veita Norðurá bs. sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda ábyrgð vegna lántöku þess hjá Lánasjóði sveitarfélaga og hún tryggð með tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir hér með að veita veð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku Norðurár bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 380.000.000 kr. til 14 ára með föstum 5,03% vöxtum. Er veðsetning þessi veitt sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Lán Norðurár bs. er tekið til gerðar urðunarstaðar að Sölvabakka sem fellur undir lánshæf verkefni sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Magnúsi B. Jónssyni, kt. 140452-4679 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að samþykkja f.h. Sveitarfélagsins Skagastrandar veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

7. Bréf:

a) Nils Posse Växjö kommun dags. 8. mars 2010

Með bréfinu er boð á vinabæjamót í Växjö 27.-29. maí nk. ítrekað og sent skráningarform þar sem tilkynnt er um þátttakendur í mótinu.

Málið til kynningar.

b) Húsafriðunarnefndar, dags. 11. mars 2010

Húsafriðunarnefnd tilkynnir um veitingu 350 þús. króna styrk til áætlanagerðar og undirbúnings framkvæmda við endurbætur á Samkomuhúsbragga að Oddagötu 6.

Bréfið var til kynningar.

c) Hárgreiðslustofunnar Vivu, dags. 20. mars 2010

Með bréfinu óskar hárgreiðslustofan eftir að fá leigða eða keypta aðstöðu í Bogabraut 7 sem hefur verið notað sem tannlæknastofa undanfarin ár.

Birna lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið og vék af fundi.

Sveitarstjórn ræddi málið en samþykkti síðan að fela sveitarstjóra að taka upp viðræður við hárgreiðslustofunna um leigu á húsnæðinu.

d) Kennara við Höfðaskóla, dags. 4. mars 2010

Með bréfinu mótmæla kennarar ákvörðun sveitarstjórnar um lækun leiguafsláttar af húsnæði sem kennarar hafa á leigu.
Sveitarstjóra var falið að svara bréfinu.

e) Félags ísl. atvinnuflugmanna, dags. 25. mars 2010

Bréfið er sent til að kynna ályktun félagsins um Reykjavíkflugvöll og til að hvetja bæjar og sveitarfélög til að vinna að því að núverandi staðsetning flugvallarins verði til frambúðar í samræmi við ályktanir FÍA.

Sveitarstjórn var sammála um að mikilvægt sé að Reykjavíkflugvöllur verði áfram miðstöð innanlandsflugs.

f) Siglingastofnunar, dags. 26. mars 2010

Með bréfinu er tilkynnt um að Hafnabótasjóður telji sig vanbúinn til að styrkja endurgerð grjótgarðs við Útgarð á Skagaströnd. Jafnframt er vísað til þess að í drögum að samgönguáætlun 2009-2012 sé gert ráð fyrir verkefninu og að það komi til framkvæmda 2011.

Bréfið var til kynningar.

g) Umhverfisráðherra, dags. 2. mars 2010

Efni bréfsins fjallar um dag umhverfisins sem haldinn er 25. apríl ár hvert. Dagurinn er valinn vegna fæðingardags Sveins Pálssonar sem var fyrsti íslenski náttúrufræðingurinn en er tileinkaður líffræðilegri fjölbreytni árið 2010.

Með bréfinu eru félög, skólar og sveitarfélög hvött til að taka virkan þátt í degi umhverfisins.

Bréfið var til kynningar.

h) Skipulagsstofnunar, dags. 16. mars 2010

Bréfið fjallar um greiðslu kostnaðar vegna aðalskipulagsgerðar. Í því er vísað til úrskurðar umhverfisráðherra sem synjaði staðfestingar á aðalskipulagi í Flóahreppi annars vegar og aðalskipulagsbreytingar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hins vegar þar sem Landsvirkjun hafði tekið þátt í kostnaði við gerð skipulagsins.

Í bréfinu kemur fram að Skipulagsstofnun lítur svo á að öðrum aðilum en sveitarsjóði og eftir atvikum Skipulagssjóði, sé óheimilt að bera kostnað vegna gerðar aðalskipulags.

Bréfið var til kynningar.

i) Skipulagsstofnunar, dags. 23. febrúar 2010

Bréfið fjallar um kynningu skipulagstillögu með fullnægjandi hætti. Með vísan til 17. gr. skipulags- og byggingarlaga er bent á að sveitarstjórnnum /skipulagsnefndum beri að kynna markmið og forsendur skipulagstillögu sem er í vinnslu áður en sveitastjórn samþykki tillöguna til auglýsingar.

Bréfið var til kynningar.

j) Skipulagsstofnunar, dags. 1. mars 2010

Í bréfinu er greint frá úrskurðum úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Bréfið var til kynningar.

8. Fundargerðir:

a) Hafnarnefndar, 16.03.2010
Fundargerðin var samþykkt.

b) Samvinnunefndar um svæðisskipulag, 10.03.2010
Fundargerðin var til kynningar.

c) Stjórnar SSNV, 9.03.2010
Fundargerðin var til kynningar.

d) Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 4.3.2010
Fundargerðin var til kynningar.

e) Stjórnar Norðurár bs. 15.03.2010
Fundargerðin var til kynningar.

f) Ársfundar Norðurár bs., 31.03.2010
Fundargerðin var til kynningar.

g) Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 26.02.2010
Fundargerðin var til kynningar.

h) Stjórnar Hafnarsambands Íslands, 22.01.2010
Fundargerðin var til kynningar.

i) Stjórnar Hafnarsambands Íslands, 19.02.2010
Fundargerðin var til kynningar.

j) Stjórnar Hafnarsambands Íslands, 12.03.2010
Fundargerðin var til kynningar.

9. Önnur mál

Ekki var bókað undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11⁰⁵

Adolf H. Berndsen,

Birna Sveinsdóttir,

Halldór G. Ólafsson,

Sigríður Gestsdóttir,

Jóhannes Indriðason

Magnús B. Jónsson.